ÓKEYPIS EINTAK

MANNLÍF

10. TÖLUBLAÐ 39. ÁRGANGUR – FÖSTUDAGUR 19. ÁGÚST 2022

BAKSÝNISSPEGILLINN • MATGÆÐINGURINN • STÆKKUNARGLERIÐ • LÍFSREYNSLUSAGAN • SAKAMÁLIÐ • SAMFÉLAGIÐ



Ísdrottningin Ásdís Rán komin heim:

Ég er ekki með filter og mér er alveg sama

Vonar að vinkonan sé á lífi

– Ég ætla ekki að fara að ritskoða mig

– Ég er búin að gera nánast allt



+



=

EFNALAUGIN BJÖRG
Álfabakka 12
Sími 557 2400
MJÓDD

Eina Íslenska tannlæknastofan í Búdapest!



Frí ráðgjöf.
Frí kostnaðaráætlun.
Frí skutla til og frá flugvelli.
Tannviðgerð sársaukaFRÍ.
Frí ... já, frí á fjögurra stjörnu hóteli steinsnar frá miðborg Búdapest með öllum þeim dásemdum sem sú fallega borg hefur upp á að bjóða.
Heimsókn á Íslensku klínikina í Búdapest er ferð til fjár og bættrar tannheilsu.

Öll samskipti fara fram á íslensku og við ferjum gesti okkar til og frá velli auk þess sem við erum þeim innan handar með allt sem þarf til að nýta ferðina/fríið sem best. **Búdapest** er ekki bara falleg heldur einnig full af hinum allra bestu verslunum og veitingastöðum sem bjóða verð sem ekki sést annars staðar í Evrópu. Heimsókn í **Íslensku klíníkina** er ferð til fjár!

Þú getur kynnt þér klínikina á síðu okkar **www.islenskaklinikin.is**
eða slegið á þráðinn í síma **851 9800** ef þú hefur spurningar.






























MANNLÍF
Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn

Útgáfufélag: Sólartún ehf. / **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Reynir Traustason / **Frétta- og útgáfustjóri:** Kolbeinn Þorsteinsson
Markaðsstjóri: Valdís Rán Samúelsdóttir / **Sölustjóri:** Thelma Logadóttir /**Ljósmyndari:** Kazuma Takigawa
Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Gunnhildur Birgisdóttir, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Salome Friðgeirsdóttir, Svava Jónsdóttir.



EFNISYFIRLIT

Í góðum málum / slæmum málum 4
Fréttamálið 6
Baksýnisspegillinn 8
Leiðarinn 12
Aðsend skoðun 12
Fjögur á förnum vegi 14
Fjölmiðlapistillinn 14
Orðrómur 14
Viðtalið 16
Helgarpistillinn 26
Lífsreynslusagan 28
Sakamálið 30
Listin 32
Útlitið 36
Matgæðingur Mannlífs 46
Stækkunarglerið 48
Síðast, en ekki síst 50

Í GÓÐUM MÁLUM



Í SLÆMUM MÁLUM



Umsjón: Björgvin Gunnarsson



Þjóðhátíð var haldin í Vestmannaeyjum, í fyrsta sinn síðan 2019, nú um verslunarmannahelgina. Má því með sanni segja að Eyjapeyjar, -meyjar og gestir þeirra séu í góðum málum. Hátíðin fór að mestu leyti mjög vel fram og er það mál manna að langt sé síðan hún heppnaðist svona vel. Gæslan var öflug á svæðinu enda ekki vanþörf á þegar yfir 10.000 manns mæta á frekar lítið svæði og margir með vín um hönd. Veðrið var hið ágætasta og heppnuðust skemmtiatriðin afar vel og fundu flestir gestir, af öllum kynjum og öllum aldri, eitthvað við sitt hæfi á eyjunni fögru. Erlendir ferðalangar komust í fréttirnar þegar þeir mættu algjörlega glærir í Herjólfsdal í upphafi hátíðarinnar og vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið. Þeir höfðu ætlað að hafa það rólegt í Vestmannaeyjum þessa helgina eftir að hafa verið á stórri útihátíð erlendis. Slíkar fréttir eru alltaf fyndnar og því tilvalið að leyfa henni að fylgja með.

Grindvíkingar og nærsveitungar eru í frekar slæmum málum eða voru það að minnsta kosti er þetta var ritað. Undanfarið hefur jörð skolfið af slíku offorsi að hlutir hafa hrunið úr hillum og loftplötur fallið úr verslunarmiðstöðvum. Já, eða einni réttara sagt. Hver stórskjálftinn á fætur öðrum hefur skekið Grindavík og nágrenni og hafa hinir mestu harðjaxlar fengið sting fyrir hjartað enda skjálftarnir á köflum stærri og lengri en í venjulegu skjálftaárferði. Þá hafa höfuðborgarbúar keppst við að segja frá því á Facebook að þeir hafi fundið fyrir þessum og hinum skjálfta, sem gleður alltaf vini þeirra og verður aldrei þreytt. Minna skjálftarnir á undanfara eldgossins í Geldingadölum, en rödd skynseminnar, Magnús Tumi Guðmundsson, jarðfræðingur og prófessor, hefur sagt af sinni alkunnu rósemd, að annaðhvort gjósi eða ekki. Svona sirka. Auðvitað er það rétt hjá honum, enda má segja þetta um flest ef ekki allt í lífinu, annaðhvort gerist það eða ekki.



Ármúli 17 www.vest.is s:620 7200



Áhrifavaldar sakaðir um að selja vörur frá AliExpress á margföldu verði

Líkt og fjallað var um fyrir stuttu þóttu sólgleraugu frá Moxen Eyewear nauðalík sólgleraugum sem fást á AliExpress og Alibaba. Netverjar bentu bæði á hve lík gleraugun voru og verðmuninn, en þetta er ekki í fyrsta skipti sem neytendur reka augun í slíkt hér á landi. Áhrifavaldarnir og stjörnuparið Lína Birgitta Sigurðardóttir og Guðmundur Birkir Pálmason, betur þekktur sem Gummi Kíró, er fólkið á bak við Moxen Eyewear en þau sögðu rangt að vörur þeirra væru frá netverslunum vinsælu. Gleraugun sem þykja svo lík kosta nokkur hundruð krónur á vefverslun AliExpress og Alibaba, en á bilinu 7.990 til 8.990 krónur hjá Moxen Eyewear. Þrátt fyrir að parið hafi vísað ásökununum á bug, án ítarlegra skýringa, virðast netverjar enn tortryggnir.

Fjögur ár eru síðan Óli Geir var sagður selja úr frá vefversluninni Gear Best á uppsprengdu verði undir merki sínu, Nora-Watches. Þá hefur áhrifavaldurinn Tanja Ýr einnig komist í fjölmiðla vegna skartgripa sem hún seldi undir vörumerkinu Bossbabe. Listinn er ekki tæmandi af þeim aðilum sem sagðir eru hafa keypt vörur af AliExpress og selt þær undir sínu eigin vörumerki á allt að áttfalt hærra verði. Það hefur reynst erfitt að sannreyna hvaðan vörurnar koma í raun og er það því undir neytendum komið, hverjum skal trúa.

Mannlíf ræddi við Brynhildi Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna, sem segir svona mál geta verið flókin og það skipti auðvitað máli hvort verið sé að stela hönnun eða ekki. „Framleiðanda sem fjöldaframleiðir einhverja vöru gæti verið nokk sama þótt eitthvert fyrirtæki setji límmiða á vöruna eða breyti henni og selji áfram á hærra verði," segir Brynhildur. Hún segir hins vegar mikilvægt að neytendur séu gagnrýnir og spyrji sig alltaf hve mikið þeir séu tilbúnir að borga fyrir vöruna eða vörumerkið og geri verðsamanburð.
„Ef það er verið að stela hönnun geta framleiðendur brugðist við því, en ef framleiðandanum er sama, eins og gæti verið tilfellið í gleraugnamálinu, þá er lítið hægt að gera, annað en að upplýsa neytendur sem fjölmiðlar hafa einmitt gert. Þegar um „alvöru" vörumerki er að ræða eru fyrirtæki yfirleitt stolt af framleiðslunni og viljug til að upplýsa neytendur um söguna og bakgrunninn. Ef upplýsingar um vörumerkið eru í skötulíki er rétt að spyrja spurninga. Aðspurð hvort hver sem er geti keypt tonnavís af ódýrum vörum og selt þær á uppsprengdu verði, án eftirlits, sagði Bryn hildur svo vera. „Já, í rauninni. Verðlag fer að miklu leyti bara eftir því hvað við erum tilbúin að borga, frekar en hver framleiðslukostnaðurinn er." Sagði hún hátt verð í sumum tilfellum vera hluta af markaðssetningunni. „Við höldum oft að ef eitthvað sé dýrt þá sé það vandaðra." Að lokum sagði Brynhildur mikilvægt að neytendur væru vel vakandi: „Neytendur eiga að spyrja spurninga."

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað
Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Heitir og kaldir gæðapottar ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina





Háfur m/lengjanlegu skafti
5.950 kr.

Bursti
7.900 kr.



Hitamælir m/bandi
(stór appelsínugulur)
3.000 kr.



Hitamælir gul önd
2.500 kr.



Hitamælir golfkúla
1.900 kr.



Algjör slökun!



Höfuðpúði
5.900 kr.



Fljótandi „hengirúm". Margir litir
3.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!



Geirslaug
279.000 kr.



Snorralaug
299.000 kr.



Gvendarlaug
189.000 kr.



Unnarlaug
310.000 kr.



Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaug
259.000 kr.

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17



Baksýnisspegillinn
Kolbeinn Þorsteinsson

Bláfátækir og féfíknir

Vitnisburður Englendings um Íslendinga og Ísland árið 1872

– Fáfróð þjóð

– Alþingismenn gera illt verra

– Vatnið gott

Sumarið 1872 var á landi hér breski rithöfundurinn Richard Francis Burton (f. 1821, d. 1890). Burton var ekki eingöngu rithöfundur heldur einnig þekktur landkönnuður og fræðimaður og hafði kynnst vígvöllum af eigin raun. Burton var einna þekktastur fyrir ferðalög sín í Asíu, Afríku og Ameríku og bjó að viðamikilli þekkingu á tungumálum og menningu víða um lönd. Að sögn talaði Burton 29 evrópsk, asísk og afrísk tungumál.

En sem sagt, Richard þessi Burton var staddur á Íslandi sumarið 1872, fór víða og ritaði síðar greinar í ensk blöð um dvöl sína hér og það sem fyrir augu hans bar.



Burton: Kona í hversdagsklæðum.



Burton: Kona í spariklæðum.

Burton ku hafa farið landveg austur að Heklu og síðan sjóveg í kringum landið. Á ferð sinni kom hann á ýmsar hafnir. Í Öldinni sem leið – 1861-1900 segir um skrif Burtons um Ísland og Íslendinga: *„Yfirleitt eru greinar þessar óáreiðanlegar og glannalega ritaðar, þótt ekki skuli fortekið, að höfundi ratist stundum satt orð á munn.“*

Læsir en fáfróðir

Sem fyrr segir var Burton enginn nýgræðingur hvað varðaði ferðir á framandi slóðir og því má velta fyrir sér þeim áhöldum um áreiðanleika greinanna sem viðruð eru í áðurnefndri bók. Einnig má segja, eins og oft er gert, að stundum þurfi að ýkja svo sannleikurinn komi betur í ljós.

Hvað sem því líður þá fannst Burton ekki mikið til almennrar þekkingar koma, en sagði að Íslendingar kynnu að jafnaði að lesa, skrifa og reikna en væru einna helst sterkir á svellinu þegar um væri að ræða bókmenntagreinar sem sneru að ímyndunarafli andans, og þá helst fornsögur, guðfræði og skáldskap.
Um annað væru Íslendingar *„fram úr lagi fáfróðir, og svo sem vænta má, eru þeir eftirbátar annarra þjóða í öllu því, er lýtur að þekkingu náttúrukraftanna og notkun þeirra, sem og í flestu því, er einkennir menningu Norðurálfuþjóða á 19. öld.“*

Gagnslaust Alþingi

Glöggt er gests augað, er þekkt máltæki og hver veit nema það hafi átt sérstaklega við álit hans á Alþingi Íslendinga á þessum tíma. Það fékk ekki háa einkunn hjá Burton, en um það sagði hann að það væri gagnslaust og gerði jafnvel illt verra, sakir tómlætis og vanþekkingar þingmanna. Hvort það hafi breyst síðan Burton var hér á ferð, skal ósagt látið.

Blygðunarlaus ofdrykkja

Burton vék einhverjum orðum að óhófi Íslendinga og óþarfa eyðslu og sagði hana keyra fram úr öllu hófi og enginn þarf að fara í grafgötur um skoðun hans á áfengisneyslu Íslendinga. Sagði Burton drykkjuskapinn hafa verið slíkan að á einum degi í Reykjavík hefði hann séð *„meiri hneyksli af blygðunarlausri ofdrykkju, en á heilum mánuði í Englandi.“*

Féfíknir fátæklingar

Álit Burtons á Íslendingum virðist vægast sagt hafa verið afskaplega lítið. Suma íslenska fylgdarmenn sína nafngreinir hann og ber þeim misjafnt orð. Aftur á móti dregur hann Íslendinga ekki í dilka þegar hann segir það *„bábilju eina, að Íslendingar séu gestrisnir, þeir séu blátátækir og féfíknir.“*
Svo mörg voru orð Burtons um Íslendinga.

Örvasa aumingi

Burton hafði ekki aðeins skoðun á þeim sem landið byggðu, heldur einnig landinu sjálfu. Við þann lestur fer að hvarfla að manni að illa hafi legið á Burton þegar hann var hér á ferð.

Að hans sögn var Stóri-Geysir *„útlifaður, örvasa aumingi, Hekla hégómi og frægð hennar lygaskrum, Hrafnagjá svolítil hraun-*



Burton:
Íslenzkt eldhús
af fornri gerð.

sprunga, árnar smálækir, svo varla getur nokkur maður drukknað í þeim.“
Sagði hann íslenska náttúru alls ekki stórbrotna og sérstæða; hún væri lítilfengleg – nema kannski hraunin. Allt nema hraunin væri rislítið og smátt.

Frábærlega hreint vatn

Um loftslagið yfir sumartímann á Íslandi gat Burton þó ekki sagt neitt ljótt, og einnig dásamaði hann íslenska vatnið, sem væri frábærlega hreint og gott, *„og mjólkin og rjóminn, sem maður fær á Íslandi er svo, að ekki fæst slíkt á Englandi.“*

Upplifun Englendings

Þeim Íslendingum sem greinar Burtons lásu var að vonum brugðið því án efa var ýmislegt sem hann sagði um land og þjóð hreinlega rangt. Enda fór svo að Íslendingur einn í Cambridge, Eiríkur Magnússon, sá sig knúinn til að reka „helstu firrurnar ofan í Burton“ og leiðrétti ýmsar missagnir, segir í Öldinni sem leið – 1861-1900.

Heimild: Öldin sem leið – 1861-1900, wikipedia.org



Burton: Lögregluþjónn í Reykjavík

Drullugaman?

... láttu okkur um afleiðingarnar!



EFNALAUGIN BJÖRG

Álfabakka 12 Sími 557 2400

MJÓDD



Leiðarinn

Reynir Traustason



Hrakmenni með peninga að vopni

Boðberar hinna illu tíðinda hafa verið stimplaðir

Árásir Rússa á Fréttablaðið eru dæmi um það þegar hið illa vald beitir ofbeldi til þess að þagga niður umræðu. Blaðið birti á dögunum mynd af fótum troðnum rússneskum fána og var krafið um afsökunarbeiðni. Þessu var að sjálfsögðu hafnað af ritstjórn og eigendum.

Fjölmörg dæmi eru um það hérlendis að valdamenn beiti sér gegn fjölmiðlum í krafti peninga eða pólitískra valda. Tímaritið Ísafold var bannað í einni verslunarkeðju vegna umfjöllunar um bæjarstjórann, besta vin eigandans. Ofbeldið hafði engin áhrif á almenning sem hélt áfram að versla við hrakmennið. Stundin sætti ofsóknum sýslumanns Sjálfstæðisflokksins í framhaldi af umfjöllun um formann flokksins og fjármálabrall hans.

Nokkrir blaðamenn sem hafa gegnt lykilhlutverki við að upplýsa um spillingarmál Samherja eru nánast ofsóttir af yfirvöldum og einstökum fjölmiðlum. Blaðamennirnir áttu þátt í að upplýsa að sjávarútvegsrisinn Samherji heldur úti skæruliðasveit í því skyni að rógbera fjölmiðlafólk og aðra þá sem teljast til óvina þeirra sem ráða því fyrirtæki. Boðberar hinna illu tíðinda hafa verið stimplaðir em grunaðir og kallaðir til yfirheyrslu fyrir að hafa nálgast og birt upplýsingar úr síma skipstjóra sem tilheyrði skæruliðasveitinni.

Því er haldið fram einstaklingur, náinn skipstjóranum, hafi byrlað honum ólyfjan og síðan stolið símanum og komið honum í hendur fjölmiðlamanna. Á sama tíma og kraftur er í rannsókn á fjölmiðlafólkinu virðist fátt vera að gerast með þá lykilmenn Samherja sem grunaðir eru um mútur í Namibíu og skattsvik í Færeyjum. Þorsteinn Már Baldvinsson leikur enn lausum hala á meðan lögreglustjórinn í heimabæ hans djöflast á blaðamönnum.

Enn eitt dæmið um þá spillingu sem á sér stað snýr að Mannlífi. Auðmaðurinn Róbert Wessman tengist innbroti á ritstjórnarskrifstofur Mannlífs. Fyrir liggur játning og fyrirgefningarbeiðni þess sem stóð að innbrotinu. Auðmaðurinn greiddi honum verulegar fjárhæðir til að fela slóðina. Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild Róberts að fleiri afbrotum sem tengjast fjölmiðlinum. Þau mál eru í vinnslu. Ráðherrar láta sig málið engu varða og stilla sér upp til myndatöku upp með auðmanninum sem hringir bjöllum með betlistaf í hendi. Sjálfur hefur auðmaðurinn sigað einhverjum aumustu lögmönnum Íslands á fjölmiðilinn með alls konar ávirðingar að vopni. Auk þessi beitti hann lögmönnum níðingsins Harveys Weinstein. Kónarnir Wessman og Weinstein deila með sér lögmönnum. Tilgangurinn er bersýnilega að beita ofbeldi í krafti auðs og þagga niður í fjölmiðli.

Lögreglan vinnur á sínum hraða og hefur fengið skýlausa játningu þess sem braust inn. Þá liggur fyrir kæra hjá lögreglunni á hendur auðmanninum fyrir aðild og yfirhylmingu. Í þessu máli mun reyna á réttarkerfið, rétt eins og í málinu gegn Samherjamönnunum. Getur verið að menn sleppi í krafti auðæfa sinna á meðan smáþjófarnir lenda á Hrauninu? Getur það verið að glæpamenn á Íslandi sleppi ef þeir eru auðugir og valdamiklir? Hengjum við bakara fyrir smið? Síðað samfélag hlýtur að hafa í hávegum þá kröfu að allir séu jafnir fyrir lögunum. Annars erum við ógeðslegt samfélag.

Fyrirvarar:

Höfundur greinarinnar vinnur að heimildabók um Róbert Wessman í samvinnu við fyrrverandi samstarfsmann hans.

2. Róbert Wessman hefur verið kærður til lögreglu vegna yfirhylmingar og aðildar að innbrotinu á ritstjórnarskrifstofu Mannlífs.



Aðsend skoðun

Gunnar Dan Wiium



Skilaboð hvað varðar hið upplýsta alvald

Umsjón: Björgvin Gunnarsson

17 milljarðar sóla umhverfis svarthol í 200 milljóna ljósára fjarlægð. Það er atburðarásin sem við sjáum í þessari mynd, atburðarás sem er þó löngu liðin, þegar myndinni er smellt af manninum.
Hver sólin á fætur annarri er teygð og beygð þar til hún er rifin í smæstu atóm og hverfur í myrkrið, hráefni sólarinnar skiptir um form og hverfur okkur úr augsýn, inn í myrkrið þar sem tíminn stöðvast, hin algjöri vanmáttur. Þessi aðdráttur er dreparinn og fæðarinn á sama tíma því úr dauða forms sprettur fæðing nýs.

Allt er breyting, allt er á stöðugri hreyfingu og hvert einasta viðnám er þjáning, rispur og upplausn. Þetta á við um allt efni, öll viðhorf, allar hugmyndir. Allt á sér orsök og hverjum atburði fylgja afleiðingar, þetta er lögmál karma. Lögmálið verður að slíku í huga mannsins sem endurtekning eða munstur atburða, ákveðið samhengi sem verður að hugmynd í huga þess sem sér.

En sérhvert lögmál er einnig breytingum háð, það er engin fasti. Allt hefur áhrif á hvert annað og ef vel er að gáð verður sjáandanum ljóst að í tíma verða hlutir ýmist þyngri eða léttari.

Sársauki fylgir viðnámi aðgreindra forma, sem í raun eru byggð úr sama hráefni. Úr árekstri og samruna verður til nýr heimur sem er fæðing þess raunveruleika sem við kjósum yfir okkur með gjörðum okkar og hugsunum. Allt er karma og við erum og verðum hvergi neins staðar nema aðeins í hinu fyrsta augnabliki sem fór áður en það kom og var því aldrei.
Maðurinn óskar eftir að hið upplýsta alvald stígi nú fram. Maðurinn er nú tilbúinn fyrir hið nýja vitundarstig sem einkennist af afstöðuleysi gagnvart hinum stöðuga sársauka. Maðurinn óskar eftir hinu upplýsta alvaldi; sýndu þig og frelsaðu manninn undan fjötrum hugmynda um fasta og viðhald ástands.
Sprengdu vitund mína hið upplýsta alvald og leiddu mig inn í einingarástand sem fæðir svo af sér heiminn.

Mundu eftir þér á hverjum degi!

MELTING & HREINSUN

Öflugar bætiefnablöndur fyrir heilbrigða meltingu og þú verður léttari á fæti.

Andoxun er sannkölluð blanda ofurfæðu, trefjaríkog stútfull af andoxunarefnum.

Mjólkurþistill er þekktur fyrir hreinsandi áhrif sín á lifrina og losar líkamann við óæskileg efni og réttir þig af eftir góðar stundir.

Melting inniheldur kröftugt, hreint engifer og nærandi íslensk fjallagrös, minnkar uppþembu og hefur hreinsandi áhrif.

Hvannarrót er þekkt fyrir að róa meltingarkerfið og minnkar upp-þembu á mildari hátt.

Magnesíum með fjallagrösum er öflug og nærandi blanda fyrir hamingjusama meltingu.

100% VEGAN · NON-GMO · ENGIN AUKAEFNI ADDITIVE FREE



Fæst í næsta stórvörumarkaði og apóteki
Einnig í vefverslun **ICEHERBS, www.iceherbs.is**

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Hvort óttast þú meira; jarðskjálftana eða eldgos?

Umsjón: Lára Garðarsdóttir



Sunna Apríl
„Jarðskjálftana."



Brimir Steinn, sonur Sunnu
„Sama og mamma."



Telma Rún Guðjónsdóttir
„Veit það ekki, jarðskjálftana kannski, finn meira fyrir þeim."



María frá Portúgal
„Eldgosið, það hræðir mig meira."



Fjölmiðlapistillinn
Björgvin Gunnarsson



TikTok - Tifandi tímaþjófur

Hvað í fjandanum er þetta TikTok? er spurning sem miðaldra fólk eins og ég hefur sjálfsagt spurt sig síðan þetta fyrirbæri kom fram á sjónarsviðið. Við vitum að Facebook er eitt stórt markaðstorg, þar sem við sjálf erum varan, og að Instagram er aðallega vettvangur þar sem sjálfmiðaðir fá allt sem þeir þrá; athygli og samþykki. Þá vita líka flestir að Twitter er partí vinsæla og flotta fólksins sem venjulegu fólki var ekki boðið í. En hvað í fjandanum er þetta TikTok?

Dóttir mín er algjörlega ofurseld TikTok og erum við foreldrarnir í miklu basli við að hafa hemil á notkun hennar en náðum því þó í gegn að hún sé bara með vini sína sem fylgjendur, til að reyna að koma í veg fyrir neteinelti sem ku þrífast á miðlinum. Dóttir mín hjálpaði mér, tækniheftum pabba sínum, að búa til aðgang á þennan miðil sem er það vinsæll að lag frá níunda áratug síðustu aldar, toppar aftur vinsældalista heims eftir að hafa birst í myndböndum á TikTok. Valdi hún frekar óheppilegt nafn handa mér, en það fattaði ég eftir á. Nafnið er pabbigamli... Ekki stefni ég á heimsfrægð, vildi bara athuga af hverju dóttir mín á erfitt með að stjórna notkun sinni á miðlinum og hvaða læti þetta væru eiginlega.

Nú hef ég notað TikTok í nokkra mánuði og get sagt að ég sé kominn með undirstöðuskilning á þessu fyrirbæri. Þetta er sem sagt ekki bara kjánalegir TikTok-dansar sem gerir flinka dansara að milljarðamæringum heldur er þetta talsvert meira en það. Þetta er helsti tímaþjófur internetsins í dag. Nafnið á miðlinum er því afar vel viðeigandi þar sem klukkan tikkar og tokkar ansi oft á meðan maður er fastur þar. Ef maður vill sem sagt slökkva á heilanum og gleyma stund og stað, er TikTok tilvalinn vettvangur. Þar er hægt að sjá fólk rembast við að vera fyndið, sumum tekst það, öðrum ekki eins og gengur og gerist, svo eru það beinu útsendingarnar sem sumar eru það furðulegasta sem ég hef séð, en þar er fólk til dæmis að strjúka míkrófóninum sínum og hvísla í hann og smella tungunni og gefa frá sér furðuleg hljóð, en þetta finnst mörgum þægilegt. Ég er ekki einn af þeim. Svo eru það smakk-myndböndin þar sem fólk smakkar hitt og þetta og gefur því einkunn. Ég viðurkenni að ég hef lúmskt gaman af slíku. Margt annað má finna þarna sem festir mann í vef heilalausrar skemmtunar, hvort sem það er gott eða slæmt. Svo að lesendur fái skýrari hugmynd um TikTok ákvað ég að kíkja á tíu myndbönd af handahófi og lýsa þeim í stuttu máli.

1. Ameríkskur maður í yfirvigt segir brandara. Ég er feitur en ég auðkenni mig ekki sem feitan, ég er trans-slinder. Drepfyndið...
2. Bandaríkskur grínisti bregst við skrítnu matreiðslumyndbandi. Hann hefur verið fyndnari.
3. Bein útsending þar sem bresk stelpa talar um naggrísinn sinn og sýnir búrið hans. Afar áhugavert.
4. Hinn íslenski Maggi Mix er staddur í skóglendi og segir að það sé í lagi að vera aumingi, en reynir svo við að lyfta upp trjádrumbi og tekst það að lokum. Vel gert.
5. Myndband frá Grindavík sem sýnir jarðskjálfta í verslun. Svakalegt.
6. Hin íslenska Thelma keppir við vin sinn í lyftingum, þykist taka 100 kíló. Nokkuð fyndið.
7. The Lovely Boys-grínvíeykið með fyndið hnerrmyndband. Guð hjálpi þeim.
8. Breskur maður bregst við matarsmakkmyndbandi og er alveg steinhissa. Ég setti ekki „like" við það.
9. Grínistinn Jesse Joseph spyr spurninga sem fá heilann til að taka heljarstökk. „Ef þú kýlir þig í andlitið og þú meiðir þig, ertu þá sterkur eða aumur?" Gott stöff.
10. Kafari skoðar skrítinn fisk. Dýr eru alltaf skemmtileg.

Ég ætla hvorki að mæla með TikTok né hitt, þetta er fínt ef maður þarf ekkert að nota heilann í einhvern tíma eða er búinn með púslið og leiðist. En þarna þrífast líka alls konar leiðindi heyrir maður, þótt ég hafi ekki tekið eftir því. Allt er gott í hófi sagði skáldið.

Orðrómur

Gunna Dís á Spáni



Ein besta fjölmiðlakona landsins, **Guðrún Dís Emilsdóttir**, hefur slegið í gegn á Rás 2 eftir að hún flutti suður frá Húsavík, þar sem hún bjó um árabil ásamt eiginmanni sínum, **Kristjáni Þór Magnússyni**, fráfarandi bæjarstjóra Húsvíkinga. Margir fagna endurkomu hennar til Ríkisútvarpsins. Kristján Þór hætti sem bæjarstjóri, en hefur verið á meðal umsækjenda um sambærilegt starf í öðrum sveitarfélögum, en ekki haft erindi sem erfiði. Hjónin skemmtu sér alsæl og áhyggjulaus á Costa del Sol á Spáni í sumarleyfinu …



Ófriðareldar



Ein stærsta frétt mánaðarins var sú að **Drífa Snædal**, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði upp starfi sínu og hætti strax. Drífa hefur lýst ástandinu innan verkalýðshreyfingarinnar þannig, að þurft hefði að leita utanaðkomandi hjálpar til að slökkva elda sem geisað hafa milli hennar annars vegar og **Sólveigar Önnu Jónsdóttur**, **Ragnars Þórs Ingólfssonar** og **Vilhjálms Birgissonar** hins vegar. Ekki er talið líklegt að verkalýðshreyfingin nái að stilla saman strengi og slökkva ófriðareldana þrátt fyrir brotthvarf Drífu. Sú staða gleður atvinnurekendur …







Linda horfin



Linda Blöndal hefur átt frábæra spretti undanfarin ár á Hringbraut sem þáttastjórnandi. Mörgum til undrunar hætti hún skyndilega störfum hjá sjónvarpsstöðinni. Þetta gerðist um sama leyti og tilkynnt var að **Elín Hirst** væri orðin stjórnandi Fréttavaktarinnar á Hringbraut. Óljóst er hvað Linda tekur sér fyrir hendur, en víst er að hennar bíða fjölmörg tækifæri …



Skuggi fylgishruns

Það styttist í landsfund Sjálfstæðisflokksins sem haldinn verður í október. Landsfundurinn er sá fyrsti eftir að Covid-faraldurinn skall á. Hann er haldinn í skugga þess að flokkurinn er með rétt liðlega 20 prósenta fylgi og glímir við innbyrðis klofning. Þrátt fyrir það hyggst **Bjarni Benediktsson** halda áfram sem formaður, nái hann kjöri. Ólíklegt er talið að nokkur leggi í þann slag að reyna að fella hann. Sterkasti andstæðingur hans er **Guðlaugur Þór Þórðarson** umhverfisráðherra. Hermt er að hann þori ekki að taka slaginn. Aftur á móti hefur **Diljá Mist Einarsdóttir**, alþingismaður og einn öflugasti stuðningsmaður Guðlaugs Þórs, gælt við þá tilhugsun að verða ritari flokksins og koma sínu fólki þannig til áhrifa. Vandi Diljár er sá að stuðningsmenn Guðlaugs Þórs hafa margir hverjir ákveðið að veita **Helga Áss Grétarssyni** stuðning til embættis ritara …









Ennþá meira úrval af listavörum





AMSTERDAM dream × create · van Gogh · REMBRANDT The Professional Choice · Liquitex · Conté à Paris · LEFRANC BOURGEOIS PARIS

Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur







Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



Viðtal

Viðtal: Sölvi Tryggvason Photographer: @Momchil Hristov
Location: Hotel Marinela Makeup: Marina Mladenova Stylist: Asdis Ran



Ísdrottningin Ásdís Rán komin heim:

Ég er ekki með filter og mér er alveg sama

Ísdrottningin, Ásdís Rán Gunnarsdóttir, hefur verið á milli tannanna á Íslendingum síðan hún var kornung. Hún hefur marga fjöruna sopið síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið sem fyrirsæta á unglingsaldri. Ásdís er nú komin til Íslands, eftir að hafa meira og minna búið erlendis í fjölmörg ár, aðallega í Búlgaríu. Í kjölfar alls kyns ævintýra, verkefna og viðskipta flutti hún aftur heim í kjölfar Covid-tímabilsins og er sest hér að í bili. En þó að hún sé komin heim á klakann er augljóst að Ásdís er ekki ákveðin í að setjast hér alfarið að.



> *Ég vil nú ekki meina að ég sé komin heim alveg fyrir fullt og allt*

Ísdrottningin, Ásdís Rán Gunnarsdóttir, hefur verið á milli tannanna á Íslendingum síðan hún var kornung. Hún hefur marga fjöruna sopið síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið sem fyrirsæta á unglingsaldri. Ásdís er nú komin til Íslands, eftir að hafa meira og minna búið erlendis í fjölmörg ár, aðallega í Búlgaríu. Í kjölfar alls kyns ævintýra, verkefna og viðskipta flutti hún aftur heim í kjölfar Covid-tímabilsins og er sest hér að í bili. En þó að hún sé komin heim á klakann er augljóst að Ásdís er ekki ákveðin í að setjast hér alfarið að.

„Ég vil nú ekki meina að ég sé komin heim alveg fyrir fullt og allt, en dóttir mín vildi koma til Íslands núna, sérstaklega eftir erfitt Covid-tímabil í Búlgaríu. Hún sá á samfélagsmiðlum að jafnaldrar hennar voru miklu frjálsari hér á Íslandi og ég fann að hún vildi fara og mér fannst ég ekki geta annað en farið heim, að minnsta kosti tímabundið. Hún er að fara í gegnum unglingsárin, sem eru mjög mikilvæg félagslega séð. Það voru búnar að vera harðar Covid-reglur í Búlgaríu og námið fór meira eða minna fram í gegnum netið í tvö ár og hún var nánast búin að vera með mér 24 tíma á dag allan þann tíma. Hún var bara búin að fá nóg. Þannig að það lá beinast við að koma heim til Íslands," segir Ásdís, sem er augljóslega ánægð að dóttir hennar fái að njóta sín á Íslandi, þó að hún sjálf sé aðeins á báðum áttum enn þá:

„Hún er mjög glöð að vera hér, en ég á alltaf svolítið erfitt með að vera eingöngu á Íslandi. Eftir svona mörg ár í öðrum menningarheimi er ég orðin vön ákveðnum hlutum. Þó að landið sé frábært, þá er eitthvað sem veldur því að ég er ekki alveg búin að aðlagast eftir allan þennan tíma úti. Sérstaklega fyrst eftir að ég kom heim, þá fannst mér stundum eins og að það væri þungt teppi yfir mér. Bæði veðrið og líka að hafa ekki sömu möguleika til að gera hluti."

Ásdís hefur um árabil verið stærstan hluta ársins í Búlgaríu og það er augljóst að hún kann mjög vel við sig þar og að Búlgaría er í raun orðin heimavöllur hennar.

„Ég hef aðlagast lífinu í Búlgaríu vel og mér hefur í raun liðið mjög vel þar, alveg frá því að ég kom fyrst til landsins."

Brynvarðir bílar, límósínur, demantar og lífverðir

Ásdís fór upphaflega til Búlgaríu með fyrrverandi manni sínum, knattspyrnumanninum Garðari Gunnlaugssyni. Hugmyndin var að lifa rólegu og þægilegu lífi, þar sem hann fengi athyglina, en hún sæi um heimilið. En mjög fljótt kom í ljós að framvindan ætti eftir að verða önnur.

„Þetta byrjaði allt með því að Garðar fékk tilboð frá CSKA Sofia í Búlgaríu árið 2008. Þá vissum við í raun ekki mikið um landið, en höfðum í einhvern tíma verið að hugsa um að okkur langaði að flytja í hlýrra land og á endanum ákváðum við að slá til. Hann skrifaði undir samninginn og við ákváðum í kjölfarið að flytja til Sofiu, höfuðborgar Búlgaríu. Maður fann mjög fljótt að knattspyrnumennirnir eru algjörar stórstjörnur þarna, sem olli því að fjölmiðlarnir fóru fljótt að skoða hver væri eiginkona Garðars. Þá gerðist það eiginlega á einni nóttu, að fjölmiðlar fengu mikinn áhuga á mér. Það var til svo mikið af myndum og greinum um mig, að þær fóru strax að veltast um í gulu pressunni og þá varð ekki aftur snúið. Ég hafði séð fyrir mér að ég yrði fótboltaeiginkona með börn og myndi lifa rólegu lífi í Búlgaríu, en það breyttist hratt," segir Ásdís brosandi og heldur áfram:

> *Þetta byrjaði allt með því að Garðar fékk tilboð frá CSKA Sofia í Búlgaríu*

„Ég fékk strax mikla athygli og gat því fljótt búið til minn eigin feril. Ég fékk mjög fljótt vel borgað fyrir þau verkefni sem ég tók að mér og þetta var eiginlega bara draumur í dós. Mér leið mjög fljótt eins og ég væri komin á minn heimavöll og kunni mjög vel við alla athyglina sem ég fékk og hvað ég fékk mörg tækifæri."

Ásdís neitar því samt ekki að sumt sem þyki eðlilegt í Austur-Evrópu væri litið öðrum augum á Íslandi og hinum Norðurlöndunum.

„Auðvitað er margt skrýtið og sérstakt miðað við það sem við þekkjum, sérstaklega þegar kemur að þekktu og ríku fólki í Austur-Evrópu. Brynvarðir bílar, límósínur, demantar og lífverðir eru bara eðlilegur hlutur fyrir fólk sem á peninga í Búlgaríu og lífsstíllinn er oft og tíðum mjög ýktur. Sumir af þeim sem eiga mestu peningana eru ekki í löglegri starfsemi. Þegar við tölum um austurevrópskar mafíur þá erum við að tala um alvöru mafíur. Undirheimarnir í Búlgaríu eru ekki eins og undirheimar Íslands og sumt er eins og það sé klippt út úr bíómynd. En þó að það hafi á köflum verið skrautlegt að vera innan um þessa hluti getur það líka verið mjög skemmtilegt."

Ásdís segir að mjög margt hafi breyst á undanförnum árum í Búlgaríu og að höfuðborgin sé orðin mun vestrænni en hún var. Það sé fjöldi viðburða um alla borg og frábærir veitingastaðir og kaffihús á hverju strái. Þó að hún hafi ferðast um allan heim og búið víða, kann hún hvergi betur við sig en í Sofiu.

„Mér finnst Búlgaría stórkostlegt land og ég elska Búlgaríu. Mér hefur alltaf liðið vel þarna og var meðtekin af samfélaginu strax og hef alltaf upplifað almenna velvild frá fólki."

„Ég vil trúa því að hún sé enn á lífi"

Það er augljóst að Búlgaría er orðin stór hluti af Ásdísi og að hún sér fyrir sér að vera áfram með annan fótinn þar. Eitt af því áhugaverðara og erfiðara sem Ásdís upplifði í Búlgaríu var þegar ein besta vinkona hennar, Ruja Ignatova, hvarf sporlaust árið 2017, eftir að hafa tengst fjársvikamáli sem vakti heimsathygli. Ruja var, þegar hún hvarf, orðin milljarðamæringur í gegnum rafmyntina OneCoin. Ásdís og Ruja voru í miklu sambandi allt þar til daginn sem sú síðarnefnda hvarf sporlaust og ekki hefur spurst til hennar síðan.

„Við höfðum verið vinkonur alveg frá árinu 2009 og þekktumst mjög vel. Hún fjárfesti í fyrsta fyrirtækinu mínu í Búlgaríu og við urðum fljótt góðar vinkonur. Hún var alltaf vel stæð, en undir það síðasta var hún orðin milljarðamæringur og líf hennar hafði breyst samkvæmt því. Ég var með henni síðustu tvo mánuðina áður en hún hvarf og þá vildi hún ekki umgangast nema örfáa. Þá vorum við



mest við Svartahafið, þar sem hún var með risastóra snekkju á fjórum hæðum. Þó að ég hafi auðvitað ekki haft hugmynd um hvað var í vændum, fann ég undir það síðasta að hún var orðin mjög skrýtin og slæm í skapinu. Ég hélt að hún væri bara orðin þunglynd og buguð af álagi, af því að vera að stjórna þessu öllu alein. Hún var orðin mjög vör um sig og óttaðist að fólk væri á eftir henni, en ég hélt að það væri bara af því að hún var orðin svo rosalega rík og í Austur- Evrópu eru miklu fleiri hættur fyrir ríkt fólk. En svo hvarf hún bara og ég hef ekkert heyrt frá henni síðan, né nokkur annar í kringum hana."

> *Ég var ein af örfáum sem hún hleypti nálægt sér*

Heimsathygli

Mál Ruju hefur vakið heimsathygli og auk fjölda blaðagreina stendur yfir vinna að bæði heimildamyndum og -þáttum um málið í heild. Fjölmiðlar í Bretlandi og víðar hafa fengið Ásdísi í viðtöl vegna málsins.

„Það er kannski ekki skrýtið að fjölmiðlar og þáttagerðamenn vilji fá mig í viðtöl af því að ég er nánast sú eina sem umgekkst hana mikið sem er ekki í fangelsi. Hún treysti ekki mörgum og ég var ein af örfáum sem hún hleypti nálægt sér. Ég hef fengið mjög margar fyrirspurnir frá fjölmiðlum um allan heim, alveg síðan hún hvarf. Fyrr á árinu var ég í tökum vegna heimildaþátta um hana og OneCoin-ævintýrið allt saman. Ég reikna með að það komi bæði stórir heimildaþættir og bíómynd um málið í haust og á næsta ári."

Ásdís og Ruja voru mjög nánar og Ásdís vonar að sjálfsögðu að vinkona hennar sé á lífi, en eftir því sem tíminn líður verður það sífellt ólíklegra.

„Ég vil auðvitað trúa því að hún sé á lífi, en úr því sem komið er virðist það mjög ólíklegt. Það hefur enginn sem var í kringum hana heyrt neitt síðan hún hvarf, hvorki ég né aðrir."

Byrjaði í viðskiptum sem unglingur

Áður en Ásdís flutti til Búlgaríu hafði hún tekið þátt í fjölda verkefna hér heima og iðulega var hún sjálf drifkrafturinn á bak við alls kyns viðburði, vörulínur og fleira. Við færum talið frá Búlgaríu aftur að Íslandi og ég spyr Ásdísi út í öll þau fjölmörgu verkefni sem hún hefur tekið þátt í og komið sjálf af stað. Hún segist í raun hafa verið frumkvöðull og viðskiptakona allar götur frá því að hún var unglingur.

„Ég hef verið viðloðandi viðskipti frá því að ég var 17-18 ára gömul. Þá byrjaði ég að sjá um alls konar viðburði og síðan stofnaði ég fyrirsætuskrifstofu út frá því. Ég hef alltaf verið með mikið sjálfstraust og þorað að fara mínar eigin leiðir og ganga á eftir því sem ég vil. Ég sé það núna að það var líklega meira hugrekki og kraftur í mér en flestum jafnöldrum mínum á þessum tíma. Það var alltaf mikill eldmóður í mér og hausinn á mér oft að springa úr hugmyndum. Ég man að ég tók þátt í keppni um viðskiptaáætlanir þegar ég var 16 ára hjá lðntæknistofnun og í kjölfarið hringdi ég í viðskiptafólk víða um bæinn og bað um fundi hingað og þangað. Sumum fannst skrýtið að sjá stelpu á þessum aldri með viðskiptahugmyndir, en almennt fann ég að fólk virti mig fyrir hugrekkið og mér var yfirleitt alltaf tekið vel."

Ásdís hefur um árabil verið á milli tannanna á fólki á Íslandi. Hún er sjálf orðin mjög vön því, en segir að stundum hafi hún þurft að hugsa sig tvisvar um vegna fólksins í kringum sig. Það tók hana til dæmis talsverðan tíma að taka ákvörðun um að sitja fyrir á forsíðu Playboy.

„Ég var með tilboð frá Playboy á borðinu í tvö ár, áður en ég ákvað loksins að kýla á það. Þá var það Garðar sem hvatti mig til þess. Ég hafði verið hikandi, ekki síst vegna þess að ég var að hugsa um fjölskylduna mína, vegna þess að ég vissi að það yrði mikið umtal um þetta á Íslandi. Það að fá athygli fyrir hluti eins og þessa snýst ekki bara um mann sjálfan. Enda kom það á daginn að það varð hálfgerð sprenging í fjölmiðlunum hérna heima þegar ég lét verða af því að sitja fyrir hjá Playboy. En svo venst þetta og núna eru líklega flestir orðnir vanir því að ég búi til einhverjar fjölmiðlasprengjur á Íslandi," segir Ásdís og brosir.

Hún segist aldrei meðvitað hafa gert í því að vera umdeild. Hún telur að það stafi frekar af því að hún segi skoðanir sínar umbúðalaust og hafi alltaf gert. Hún segir það einfaldlega vera hennar stíl og að það sé ekki að fara að breytast í bráð.

„Ég er bara ekki með filter og mér er alveg sama. Ég vil koma til dyranna eins og ég er klædd og ég hef alltaf verið þannig. Ef einhver þarf að tala illa um mig þá verður bara að hafa það, ég ætla ekki að fara að ritskoða mig," segir hún og er örlítið hugsi yfir því hvers vegna fólk hafi svo mikla þörf á að tala aðra niður.

„Mér hefur alltaf fundist skrýtið hve margir á Íslandi hafa þörf fyrir að tala niður fólk sem það þekkir ekki. Kannski er það smæðin, en á Íslandi er að mínu mati of algengt að fólk vilji gera lítið úr þér, alveg sama hvað þú ert dugleg eða stendur þig vel. Þú færð ekki viðurkenningu fyrir þín störf fyrr en þú gerir eitthvað erlendis. Þá allt í einu breytist stemmingin og ég fann það mjög vel eftir að ég fór að gera góða hluti í öðrum löndum. Ég er ekki að vorkenna sjálfri mér og veit að það er mjög margt frábært fólk hér og ég á að margt fólk sem vill mér vel. En ef þú vekur athygli á Íslandi er mjög algengt að fólk vilji troða ofan á þér og tala þig niður," segir Ásdís og bætir við að hún finni mun á kynjunum.

„Karlarnir eru meira „líbó", en íslenskar konur hafa dáldið mikið verið að hafa sterkar skoðanir á mér og oft neikvæðar."

Íslenskir karlmenn hræddir við mig

En þó að Ásdís segi íslenska karlmenn vera jákvæða í hennar garð, telur hún að þeir séu upp til hópa á einhvern hátt hræddir við hana. Hún hlær þegar talið berst að íslenskum karlmönnum.

„Það er ólíklegt að ég finni mann á Íslandi, en maður veit svo sem aldrei. Kannski á ég eftir að kynnast einhverjum frábærum íslenskum manni og stofna með honum fjölskyldu. Þá mun ég kannski vilja búa hér allan ársins hring. En ég sé það og finn, að þeir eru oft



hræddir við mig. Kannski finnst þeim ég vera of mikið, eða að þeir séu ekki nógu góðir eða ríkir fyrir mig. En ég ætla ekki að alhæfa um íslenska karlmenn og kannski er þetta meira af því að ég er búin að vera áberandi í gegnum tíðina og það er kannski bara of mikið fyrir flesta. Ég er líka sterkur persónuleiki," segir Ásdís og brosir.

Ævisagan

Þessi öfluga athafnakona hefur lifað fjölbreyttu lífi og séð og upplifað hluti sem fæstir sjá. Það liggur því beint við að spyrja hana hvort það sé ekki von á ævisögu.

„Það hafa margir leitað til mín í gegnum tíðina með þá hugmynd og ég er ekki frá því að núna gæti rétti tíminn verið að renna upp. Ég er búin að vera með það á bak við eyrað í talsverðan tíma að skrá ævisögu mína og ætlaði alltaf að láta vaða í kringum fimmtugt. Nú er ég orðin 42 ára, þannig að kannski fer að koma að þessu. Ég veit í það minnsta að þegar ég læt skrifa ævisöguna ætla ég ekki að draga nokkuð undan. Þá koma öll ævintýrin á borðið og mikið af hlutum sem hafa aldrei komið upp á yfirborðið. Þó að ég hafi farið í öll þessi viðtöl í gegnum tíðina, þá er mjög mikið eftir sem fólk veit ekki og ég hef ekki gefið upp hingað til. Öll ástarævintýrin og sögur af þekktu og ríku fólki. Ég er nú ekki illgjörn manneskja, en það verða örugglega einhverjir stressaðir áður en bókin kemur út," segir Ásdís og hlær.

Myndi deyja sátt

Það er komið að lokum á spjalli okkar Ásdísar og við endum á að horfa yfir þennan langa og fjölbreytta feril með alls kyns ævintýrum og uppákomum. Þegar Ásdís lítur yfir farinn veg er henni efst í huga þakklæti yfir því hve margt hún hefur fengið að upplifa og hún segist ekki sjá eftir neinu.

„Mér finnst mikilvægast þegar maður horfir til baka, að geta sagt að maður hafi fengið tækifæri til að upplifa draumana sína. Ég get svo sannarlega sagt það um sjálfa mig. Ég er búin að gera nánast allt sem mig hefur langað að gera í gegnum tíðina. Ef ég myndi drepast á morgun myndi ég deyja sátt."




BRANDSON
VÖNDUÐ ÍSLENSK HÖNNUN
BRANDSON.IS





Helgarpistillinn
Kolbeinn Þorsteinsson

Víkingablóð og þrælslund



Hækkandi sól og sól í sálartetrið er eitthvað sem ég minntist á í pistli í tímariti Mannlífs fyrir ekki löngu. Ég impraði á að ég þyrfti jafnvel að ég þyrfti að taka mér tak og kasta neikvæðni fyrir róða, gera heiðarlega tilraun til blablabla.
Fari það og veri! Það kann að vera að sól hafi farið hækkandi á lofti um þær mundir, en hún sást aldrei á himni – maður er nánast búinn að gleyma hvernig sólin lítur út. Og sól í sálartetrið (yfirskrift áðurnefnds pistils) – ég veit vart hvað ég var að hugsa þegar ég nefndi pistilinn. Sálartetrið er til staðar, en sólin … það er allt önnur saga.
Brátt tekur haustið völdin með sínu hryssingslega veðri … nei, bíðum við … haustið hefur enga sérstöðu veðurfarslega séð, en má þó vel við una því hér á landi ríkir nefnilega eilíft haust – misleiðinlegt, en eilíft engu að síður. Vissulega dettur inn einn og einn dagur þar sem sólarglennu gætir, en þar er almættið sennilega bara að stríða okkur Íslendingum og láta okkur vita af hverju við erum að missa, sem búum á þessu skeri, eins og Ísland er tíðum nefnt (af einmitt engum öðrum en Íslendingum). En aftur að neikvæðninni, sem reyndar er meira í ætt við raunsæi í mínu tilfelli. Það er nefnilega ekki allt sem sýnist – allir líta allt sínum eigin augum. Þannig verður ljóður að kosti, eitthvað afleitt að ágæti. Við, Íslendingar, eigum það til dæmis til að segjast vera stoltir og vísum til víkingablóðsins sem á víst að renna um æðar okkar. Þetta er í besta falli endemis vitleysa; um æðarnar rennur ekkert víkingablóð, við höfum þrælslund og þjáumst af minnimáttarkennd gagnvart öðrum þjóðum. Minnimáttarkenndin elur síðan af sér hroka, sem við svo köllum stolt. Ja, hérna hér! Sem fyrr segir; ljóður verður kostur.

Það segir sig sjálft að þjóð sem hefur kysst vöndinn frá fyrstu tíð, þraukað þrátt fyrir sult og seyru, náttúruhamfarir, bráðdrepandi sóttir og spillingu og nepótisma í efstu lögum stjórnsýslunnar frá fyrstu dögum landnáms, er einfaldlega ekki í lagi – og veðrið, á það hef ég þegar minnst.

Ég man 17. júní hér á landi fyrir allmörgum árum. Ég gekk niður Laugaveginn ásamt bróður mínum sem hafði verið búsettur erlendis um langt skeið. Á Laugaveginum var múgur og margmenni, fullorðnir og börn með blöðrur og fána, og svei mér þá ef veðrið var ekki þurrt daginn þann.

Vegna búsetu sinnar hafði bróðir minn upplifað þjóðhátíðardaga annarra þjóða og ljóst að ekki hugnaðist honum það sem hann sá á þessum íslenska þjóðhátíðardegi. „Er enginn glaður í sinni hér?“ spurði hann mig. „Allt fullorðið fólk er með höfuðið kýlt niður á milli herðanna og á svipinn eins og það hafi legið í ediki í nótt!“ bætti hann við.

Allt var þetta eðlilegt í mínum augum og ég gat lítið gert annað en að tauta: „Velkominn heim.“

Lítið fór fyrir víkingablóði og þjóðarstolti daginn þann fyrrum.



Margverðlaunaðar þýskar innréttingar





Verið velkomin í sýningarsalinn að Suðurlandsbraut 26

INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700

Opið 11-18 virka daga

innlifun.is



Kvíði og þess háttar hvati

Ég hef glímt við kvíða mestallt mitt líf. Fyrri part lífsins var ég með öllu grunlaus um að hann fylgdi ekki öllum í þeim mæli sem ég þekki. Vitaskuld sækir kvíðatilfinningin á okkur öll, en ég komst að seinna að því að svefnlausar nætur fyrir píp-test væru ekki normið.

Mér þótti kvíðalausir, satt best að segja, vera vitlausir og kærulausir. Metnaðarleysið algjört. Hvernig gat fólki verið sama um prófið sem það var að fara í? Hvernig gat það verið afslappað yfir að fara með bílinn í skoðun eða mætt lögregluþjónum án þess að svitna?

Ég hef legið undir rúmi og lesið um upptöku súrefnis í blóðinu. Þá var ég 10 ára. Þetta skyldi ég læra og geta útskýrt fyrir hverjum þeim sem á vegi mínum varð. Það sem ég grét yfir heimsku minni að kunna efnið ekki almennilega.

Ég hef grátið viðstöðulausum gráti af því að mér tókst ekki að halda fótboltanum á lofti oftar en 15 sinnum. Litli bróðir vinar míns átti metið 123 snertingar. Stöldrum við og sjáðu – litli bróðir vinar míns, og það verulega mikið yngri. Skömmin sem því fylgdi var gífurleg.
Ég hef upplifað minnisleysi og kastað upp í prófi.
Ég hef mætt tuttugu mínútum og sólarhring of snemma á fund.
Ég hef fengið þráláta blöðrubólgu vegna þess ég var í skilum í vinnunni.
Árangursmælingar, sama af hvaða tagi, valda mér ótta. Því þá fæ ég staðfestingu á hversu mislukkaður einstaklingur ég er. Kvíðinn hefur gert það að verkum að ég sé virði mitt sem manneskju minna en þeirra sem í samanburðinum eru betri.

Ég áttaði mig ekki á hvernig kvíðinn flækist fyrir og veldur einkennum sem skerða hæfni. Stelur frá manni orku og einbeitingu. Ég fattaði ekki hvernig kvíðinn er tvíeggja sverð. Í baksýnisspeglinum get ég séð að þrátt fyrir byrðina, að þá gerði hann það að verkum að ég passaði alltaf vel upp á dótið mitt og týndi engu. Hann kenndi mér stundvísi og virðingu fyrir tíma annarra. Kvíðinn sagði mér að læra heima. Hann rak mig til að standa við mitt og skila vinnunni minni.

En kvíðinn og samviskusemin voru nær því að drepa mig. Satt best að segja hef ég farið í gegnum lífið eins og sekur glæpamaður á flótta. Með meðvitund og utanaðkomandi hjálp hef ég áttað mig á spíralnum sem hann leiðir mig í og hvernig hann meiðir mig. Svo í dag vinn ég markvisst að því að losa mig við hann. En að endingu vil ég þó þakka honum fyrir aðhaldið og hvatann, en hann hefur leitt mig lengra en ég hefði nokkru sinnum í eðli mínu nennt.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

ÍSLENSKI BARINN
EST. 2009
THE ICELANDIC BAR

VÍKING
Léttöl





Ingólfsstræti 1a, 101 Reykjavík

+354 5176767 islenskibarinn

Sjáumst létt í lund,
á gleðistund!



Sakamálið
Kolbeinn Þorsteinsson



Skrímslið í Tholeni

– Þorpsbúar í greipum óttans í fimm ár
– Yngsta fórnarlambið 14 mánaða

Föstudaginn 30. ágúst, árið 1913, bað verjandinn Simphiwe Soga um mildi af hálfu dómstólsins í Butterworth í Suður-Afríku. Skjólstæðingur Soga var Bulelani Mabhayi, raðmorðingi sem hafði fengið viðurnefnið Skrímslið í Tholeni.

Mabhayi, sem hafði farið mikinn í morðum og nauðgunum árin 2007-2012, var fyrir réttinum sagður iðrast gjörða sinna en beiðni verjanda hans uppskar hávært muldur ættingja fórnarlamba Mabhayis, sem staddir voru í réttarsalnum.

Í meira en fimm ár hafði Mabhayi unnið ódæði sín í þorpinu Tholeni og skotið íbúum þar skelk í bringu. Að næturþeli hafði hann brotist inn á heimili fólks þar sem hann nauðgaði og myrti konur og börn. Um langt skeið höfðu þorpsbúar búið við þá ógn sem þeim stafaði af Skrímslinu í Tholeni og engum fannst hann óhultur. Þorpið varð þekkt sem „þorp dauðans“.

Við ódæði sín notaði Mabhayi sveðju og öxi og fórnarlömb hans urðu 20. Yngsta fórnarlamb Mabhayis var 14 mánaða og það elsta var 79 ára.

Óhætt er að segja að heimatökin hafi verið hæg hjá Mabhayi, því hann bjó hjá Nomfundiso Mpontshane, konu sem var framarlega í félagsmálum í Tholeni. Heimili hennar ku hafa verið í aðeins nokkurra metra fjarlægð frá miðstöð sem komið var á laggirnar árið 2009 til hjálpar konum og börnum. Reyndar var tilgangur miðstöðvarinnar í hnotskurn sá að vernda konurnar og börnin fyrir ofbeldi Skrímslisins í Tholeni. Þannig var nú það.

Á þeim tíma var það samdóma álit þeirra sem komu að stofnun miðstöðvarinnar að ótækt væri að karlmenn yrðu fengnir til að vernda konurnar og því varð úr að þær stóðu saman hver annarri til verndar. „Við gátum ekki samþykkt að karlmenn gættu öryggis okkar, því við vissum að einhverjir þeirra væru gerendurnir,“ sagði Mpontshane síðar, og bætti við: „Við ákváðum að við konurnar skyldum reyna að komast undan mönnum eins og Mabhayi.“

Í júní, árið 2010, var lögregluforingja að nafni Aaron Hanise fengið það verkefni að hafa hendur í hári morðingjans sem haldið hafði Tholeni í greipum óttans. Þá hafði Mabhayi myrt konu að nafni Sinazo Mbeki og tvö barnabörn hennar. Þá voru morðin, sem orðin voru átta, talin tengjast með óyggjandi hætti; sami maðurinn hefði framið þau og í fyrsta skipti viðurkenndi lögreglan að við raðmorðingja væri að eiga.

Aaron Hanise hófst strax handa og fyrsta verk hans var að heita 250.000 randa (2.000.000 íslenskar krónur) verðlaunum



hverjum þeim sem gæti veitt gagnlegar upplýsingar. Það bar engan árangur.

Lífsýni voru tekin úr mönnum úr þorpinu sem höfðu nauðgunardóma á bakinu, en ekkert kom út ´r því. Lögreglu var lítið ágengt og að lokum var sett á laggirnar sveit sem var sett saman úr lögreglumönnum úr hinum ýmsu deildum, þar á meðal deild sem rannsakaði skipulagða glæpastarfsemi, hundasveitina og fleiri. Aðgerðin fékk heitið Operation Good Hope (Góðrarvonaraðgerðin). Þann 17. maí, 2010, lét sveitin til skarar skríða í fyrsta skipti.

Fyrsta verk sérsveitarinnar var að smala saman hundruðum karlmanna, eldri en 16 ára. Það var gert í leifturaðgerð í morgunsárið 17. maí. Farið var með karlmennina í kirkju og þar voru tekin úr þeim lífsýni og einnig voru tekin fingraför þeirra.

Á meðal karlmannanna var Mabhayi, en það varð honum til happs að hann var skilríkjalaus og fingraför hans ekki tekin, hvernig sem nú stóð á því.
Þessi uppákoma skaut Mabhayi ekki skelk í bringu, því næstu 13 mánuði hélt hann uppteknum hætti og myrti fimm manns.

Eins og oft vill verða þá var það ekki framúrskarandi rannsóknarvinna lögreglunnar sem olli kúvendingu í málinu. Það var einfaldlega klaufaskapur Mabhayis.
Þann 11. ágúst, 2012, myrti Mabhayi Nophumzile Florence Lubambo og gerði afdrifarík mistök við ódæðið; hann skildi eftir á vettvangi annan skóinn sinn. Það leiddi síðar til handtöku hans, kannski fyrir tilviljun þegar upp var staðið.
Lögreglan var að leita að öðrum manni, sem reyndar var bróðir Mabhayis. „Fyrir tilviljun náðum við honum vegna skósins sem fannst á vettvangi morðsins. Hann passaði við skóinn sem hann var í," sagði Aaron Hanase og var að vonum ánægður.

Munnvatnssýnið sem tekið hafði verið í Góðrarvonaraðgerðinni kom í góðar þarfir og hægt var að tengja Mabhayi við morðin.
„Handtöku hans fylgdi mikill léttir. Nú get ég glaður sest í helgan stein," sagði Hanase.
Þrátt fyrir handtökuna blundaði áfram ótti í Tholeni, jafnvel eftir að Mabhayi hóf afplánun sína. Margir töldu líklegt að hann hefði ekki verið einn að verki. Þeirra á meðal var fyrr nefnd Mpontshane: Þegar hann tjáði sig í dómsalnum sagði hann alltaf „við" þegar hann svaraði spurningum. Til hvers annars var hann að skírskota?"

Þann 3. september, 2013, fékk Bulelani Mabhayi, Skrímslið í Tholeni, 25-faldan lífstíðardóm.





Listakonan Ninný:

„Áföll skila sér oft á strigann“

Jónína Magnúsdóttir, Ninný, býr til ævintýraheima í verkunum sínum hvort sem það eru olíumálverk, vatnslita-myndir eða blönduð tækni. Dulúð má finna í sumum verkefnum og sjálf segist Ninný vera næm.

„Ég hef gaman af fjölbreytni í verkum mínum og vinn í ýmsa miðla; olíu, vatnsliti og blandaða tækni. Í verkunum finnst mér skipta máli litaflæðið, ljósið og andstæðurnar. Ég mála bæði fígúratíf málverk og abstrakt og finnst gott að breyta um mótíf. Náttúran hefur sterk áhrif á mig og stundum segja verkin einhverja sögu; sýna oft nánd við eina eða fleiri manneskjur. Konur eru meira áberandi í verkum mínum; kannski er ég að túlka eitthvað frá sjálfri mér. Ég er ekki bundin af litavali heldur tefli litum saman eins og tilfinningin segir mér. Í abstraktverkunum leik ég mér að and-stæðum, raða saman formum, litum og vísa oft í náttúru og gróður hennar.“

Jónína Mangúsdóttir, Ninný, segir að heimurinn á striganum eða pappírnum tengist oft náttúrunni. „Ég er mikið náttúrubarn og nærist á að hafa gróður og líf í kringum mig. Einnig samskipti og tengsl fólks.“

Dulúðin og sorgin

Hvað með dulúðina sem virðist mega finna í sumum verkunum? „Margir hafa sagst sjá dulúð í verkum mínum sem getur reynst rétt. Frá unga aldri hef ég verið svolítið andlega sinnuð og spáð





GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100







í tilgang lífsins og veru okkar í þessum heimi. Trú mín er að við séum hluti af risastórri heild; „alheimi“. Af hverju við komum og hvert við förum þegar þessari jarðvist lýkur veit ég ekki, en ég trúi á fleiri tilverustig. Orkusvið. Ég hef orðið fyrir dulrænni reynslu og verið svo berdreymin að það hefur verið óhuggulegt. Ég er oft mjög næm og skynja vel neikvæða eða jákvæða orku í kringum mig. Ég tel það vera mikilvægt að reyna að sjá það jákvæða í lífinu og velja ljósið frekar en myrkrið.“

Ninný bendir á að allir gangi í gegnum einhverja erfiðleika í lífinu. „Við verðum fyrir sorg og missi. Áföll og slíkt skilar sér oft á strigann hjá listamönnum. Þegar ég gekk í gegnum sorgartímabil fyrir mörgum árum, var sagt við mig að verkin mín væru orðin svo dökk. Það var ómeðvitað hjá sjálfri mér.“

Vatnslitirnir

Ninný var valin í stjórn Norræna vatnslitafélagsins sem fulltrúi Íslands fyrir nokkrum árum og gegndi því embætti í tæp sex ár. „Það var mjög skemmtilegt verkefni og víkkaði óneitanlega út sjóndeildarhringinn. Mér buðust alls konar tækifæri til að sýna vatnslitaverkin mín erlendis og kynntist alls konar fólki. Þetta jók líka áhuga minn á vatnslitum og að vinna með þann miðil.“

Ninný segir að hægt sé að líkja málara við hljóðfæraleikara. „Málarinn lærir að þekkja litina, tæknina og áferðina til að spila saman í málverki eins og hljóðfæraleikarinn lærir á nóturnar til að töfra fram ljúfa tónlist.“

Ninný segir að fyrir hana sé myndlistin hennar lífið sjálft. „Mig langar hreinlega alltaf í vinnuna og sé ekki fyrir mér að ég hætti nokkurn tíma að mála. Þegar annað fólk talar um starfslok segi ég alltaf að ég muni aldrei hætta að vinna. Á nóttunni





dreymir mig oft liti og málverk og hef vaknað og rokið beint í vinnugallann til að fanga þær hugsanir á strigann.“

Náttúran

Ninný festi árið 2009 kaup á sumarbústað í Grímsnesinu. „Þá var ég búin að vera í eitt ár í sambandi við manninn minn, Guðmund Ásgeirsson. Ég þráði að eiga athvarf í náttúru þar sem ég gæti ræktað, skipt um umhverfi og málað. Hann hafði takmarkaðan áhuga á að fara í sumarbústað, en var duglegur að spila golf. Við skoðuðum því bústaði með golf í huga. Þetta átti eftir að breyta miklu fyrir okkur á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Ég fór í golfið með honum og við gengum í golfklúbb Kiðjabergs. Fyrir fjórum árum langaði hann að byggja stærra hús sem við gerðum. Stíllinn er allt annar en í gamla, litla bústaðnum sem var meiri sumarbústaður með rómantísku ívafi. Þar var ég með gróðurhús þar sem ég ræktaði alls konar falleg blóm. Gummi minn sagðist myndi byggja nýtt gróðurhús handa mér ef ég væri til í að yfirgefa gamla staðinn. Nýja gróðurhúsið er áfast við húsið og er yndislega fallegt. Eikarveggir og gólfið svo fallegt; allt í litlum steinum. Það er upphitað, með sjálfvirku vökvunarkerfi og því hægt að vera fjarverandi án þess að hafa of miklar áhyggjur af vatnsskorti. Drottningin í gróðurhúsinu er Strelitzian mín, „Bird of Paradise“, sem vex á suðrænum slóðum. Hún blómstrar mikið yfir vetrartímann og gleður okkur svo sannarlega. Nýja húsið er nýtískulegt með miklu útsýni yfir Suðurlandið. Ég hef verið hér í næstum allt sumar en ég er með litla vinnustofu og nýt mín við að mála í þessu fallega umhverfi.“

Ninný festi svo fyrir rúmu ári kaup á vinnustofu á Seltjarnarnesi, í húsnæði verslunarmiðstöðvarinnar við Eiðistorg. „Þar get ég bæði unnið og haft verkin mín til sýnis og sölu.“





Útlitið
Svava Jónsdóttir

Andrea Maack ilmgerðarkona:

Tvær nýjar ilmtegundir að koma á markað



Andrea Maack hefur í um áratug framleitt ilmvötn sem seld hafa verið víða um heim, en undanfarin ár hefur hún lagt áherslu á netsölu þótt ilmvötnin séu enn til sölu í verslunum bæði hér á landi og erlendis. Tvær nýjar ilmtegundir koma bráðlega á markað. Andrea er tiltölulega nýflutt í glæsilegt, nútímalegt einbýlishús á Reykjanesinu þar sem hún vinnur og þar sem hópar munu geta komið og kynnst fyrirtækinu og prófað nýjasta ilminn.



„Nýjasti ilmurinn heitir Ceramic og kom á markaðinn fyrir um hálfu ári. Svo er ég að koma með tvö ný ilmvötn í október," segir Andrea Maack. „Þetta er allt í framleiðsluferli núna en þau eru svolítið öðruvísi af því að þau verða í extrakt-formi sem þýðir að 32% er olía sem þýðir að þau eru „sterkari" fyrir þá sem vilja meiri ilm í lengri tíma." Andrea segir að ilmvötnin verði alveg í sérgæðaflokki, en hún vinnur að þróun þeirra með IFF í París og þekkta „nefinu" Julien Rasquinet, sem á sér farsælan feril innan „niche"-ilmsins. „Þannig erum við að leggja eins mikla áherslu á gæði og við getum."

Það eru fleiri nýjungar á döfinni en fyrir utan ný ilmvötn verða öll ilmvötnin sett í nýjar, ytri pakkningar og segist Andrea horfa á umhverfisþáttinn. „Við vorum með stóra kassa sem við erum að hætta með og erum að vinna með sænska fyrirtækinu BillerudKorsnäs sem er þekkt fyrir að vinna með umhverfisvænar pakkningar."

Áhersla á netsölu

Andrea er myndlistarmaður að mennt og hófst ilmvatnsævintýrið árið 2008.

„Planið var aldrei að vera með svona fyrirtæki. Ég var að vinna með ilm sem viðfangsefni sem myndlistarmaður, en ég ákvað að vinna með ilm fyrir myndlistarsýningu og vann með ilmvatnsgerðarmönnum í Frakklandi. Um var að ræða stóra teikningu sem var skorin niður í ilmvatnsstrimla og fólk kom á sýninguna og fékk ilm á strimil. Það var mikið spurt hvort þessi ilmur væri til sölu og hann var það ekki. Ég fór svo að hugsa um þetta og mig langaði til að vinna áfram með ilminn og fór í að þróa þrjá ilmi fyrir sýningar í Hafnarhúsinu og svo í Hollandi. Ég ákvað að selja 25 stykki á síðustu sýningunni, „for the fun of it" ef maður getur sagt svo, og seldust þau í Hönnunarverslun sem var á sýningunni. Svo pældi ég ekki mikið í þessu. Svo var mér boðið að halda sýningu í SparkSesign Space árið 2010 og þá ákvað ég að gera ilmvatnsbúð á besta stað í bænum og seldust held ég 100 stykki. Þetta leit í rauninni út eins og háklassa ilmvatnsbúð í París, þótt þetta hafi verið sýning sem var uppi í sex vikur. Út frá því fóru



Flügger
07 WoodTex

Matt skal það vera
fyrir viðinn líka.
Endist í allt að 15 ár!

NORDIC ECOLABEL

Flügger COLORS THAT MATTER

dreifingaraðilar að hafa samband við mig og pressan, eins og franska Vogue og Wallpaper Magazine, fjölluðu um sýninguna. Einhvers staðar stóð „íslenskt merki komið í sölu“ þannig að ég hugsaði með mér að nú yrði ég að fara að gera þetta.“

Og ævintýrið hófst.

Árið 2015 ákvað Andrea að einbeita sér að netsölu en í dag eru ilmvötnin þó seld víða í verslunum, svo sem í Asíu, Ástralíu og Bandaríkjunum; hún segir að þekktasta verslunarkeðjan sé Neiman Marcus. „Fyrir Covid þótti það vera mjög „progressive“ og fólk vildi kannski ekki endilega prófa ilm í verslunum heldur heima, en það hefur heldur betur breyst á síðustu árum og sérstaklega í Covid,“ segir Andrea en fólk getur pantað einstakar prufur á andreamaack.is „Það er líka mikilvægt að geta fengið góða þjónustu og er ég svo heppin að hafa Madison ilmhús með mér í liði og er hægt að prófa alla línuna með leiðsögn þar.“ Ilmvötnin fást líka á http://andreamaack.is

Geopark Villa

Mörg ár eru síðan Andrea sá fyrir sér að eignast stórt hús með sjávarsýn þar sem hún gæti unnið og verið með „showroom“; eins konar sýningarsal.

„Við komum á Reykjanesið 2018 eða 2019 og sáum þessa lóð og féllum algjörlega fyrir henni,“ segir hún en heimilið og jafnframt vinnustaðurinn, Geopark Villa (@geopark_villa), er á fallegri sjávarlóð í Innri-Njarðvík.

Enn er verið að vinna í húsinu sem er á tveimur hæðum. „Við verðum með „showroom“ á neðri hæðinni sem við ætlum að opna á næsta ári fyrir blaðamenn þegar við frumsýnum ný ilmvötn, vörur og fleira. Við erum þegar búin að halda einn viðburð þar sem hópur kvenna kom saman og kynntist brandinu og mér og með æðislegum veitingum innblásnum af ilmi sem Hrefna Sætran sá um.

Húsið segir hún vera í brútal- / vísindaskáldsögustíl, en þess má geta að hreinlætistækin á baðherbergjunum eru frá Duravit og var Andrea beðin um að verða „Duravit Wellness Ambassador“ og verður samstarfið kynnt á alþjóðavettvangi í lok árs. „Við erum auk þess í samstarfi meðal annars við íslenska fyrirtækið Eirvík sem kemur að þessu með okkur með glæsilegri nýrri Miele-línu sem mun njóta sín vel í stóra rýminu og erlendum hönnunarmerkjum þar sem við hönnum útlitið í samstarfi við þeirra teymi og kynnum í sameiningu, en þessum fyrirtækjum finnst spennandi og merkilegt að hægt sé að byggja á Unesco Geopark með kríur og hvali fyrir utan gluggann hvað þá eldgos í næsta „húsi“.“



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

CBD *RVK

CBD REYKJAVÍK

Kraftur
náttúrunnar í
hverjum dropa

cbdrvk.is





Útlitið
Svava Jónsdóttir



Fischersund:

Fjölskyldurekin ilmgerð í gamla Grjótaþorpinu

Fjögur systkini og foreldrar þeirra standa á bak við ilmgerðina Fischersund. „Við erum ekki með framandi ávexti eða mangótré hér, heldur mosa, blóðberg og eldfjallaösku. Við erum mjög mikið að vinna með okkar einstaka ilmheim og gefa honum það pláss og virðingu sem hann á skilið," segir Lilja Birgisdóttir. Vörurnar eru seldar víðar en á Íslandi, svo sem í mörgum verslunum í Kaliforníu.

„Við erum mjög náin fjölskylda og höfum alltaf haft mikinn áhuga á því sem fjölskyldumeðlimir eru að grúska hverju sinni. Það hefur alltaf verið þannig að þegar við hittumst og erum kannski að fá okkur smárauðvínstár þá komum við alltaf að þessum sameiginlega draumi okkar hvað það væri gaman að skapa okkar eigið rými þar sem við gætum látið allar hugmyndir okkar rætast. Svo þegar Jónsi (í Sigur Rós) flutti stúdíóið sitt úr Fischersundi til Los Angeles ákváðum við bara að láta slag standa. Okkur fannst vanta verslun eins og Fischersund í flóruna í Reykjavík sem væri ekki eingöngu að reyna að selja þér vörur, heldur veita þér nýja upplifun og vonandi skilja þig eftir með innblástur út í daginn," segir Lilja Birgisdóttir um fjölskyldureknu ilmgerðina, Fischersund, í gamla Grjótaþorpinu í miðbæ Reykjavíkur. „Þar vinnum við systkinin, Jónsi, Lilja, Inga og Rósa og foreldrar okkar, Birgir og Guðrún. Við erum öll með okkar sérsvið sem spannar tónlist, myndlist, ilmvatnsgerð, járnsmíði og hönnun sem við nýtum okkur til þess að byggja upp merkið Fischersund þar sem ilmandi vörur og upplifunarhönnun taka fagnandi á móti gestum.

Við bjóðum gesti okkar velkomna á ilmsýningu sem er í kjallara verslunar okkar sem við gerðum í samstarfi við svikaskáld. Þar höfum við búið til nýja flóru af blómum sem eru innblásin af hversdagslegum hlutum eins og bland í poka og leðurtösku ömmu okkar. Við bjóðum hópum einnig að koma til okkar í ilmleiðsögn þar sem við tökum fólk í ilmferðalag og segjum þeim allt um ilmgerð og ævintýri þess og eru allir velkomnir til okkar að ilma og njóta."

Mosi, blóðberg og eldfjallaaska

Lilja segir að hér á landi sé öðruvísi ilmheimur en á svo mörgum stöðum í heiminum.

„Við erum ekki með framandi ávexti eða mangótré hér heldur mosa, blóðberg og eldfjallaösku. Við erum mjög mikið að vinna með okkar einstaka ilmheim og gefa honum það pláss og virðingu sem hann á skilið. Það er rosalega gaman að taka á móti fólki og tala um mismunandi ilmheima og skoða hvernig ilmur hefur áhrif á okkur. Þefskynið er elsta skynfærið okkar og beintengt minningum okkar og tilfinningum, þannig að þú getur vakið upp tilfinningar með ilmi; notað ilm til þess að líða betur eða auka á orkuna. Við hjálpum fólki að finna ilm sem það á heima í."

Vörurnar eru seldar í verslun fjölskyldunnar við Fischersundi 3. „Svo er líka hægt að fá vörurnar okkar í Rammagerðinni, Kormáki og Skildi, Aftur, Farmers and Friend úti á Granda og á fleiri stöðum fyrir utan borgina."

Hvað með útflutning? „Það er mikill áhuga fyrir Íslandi og þá auðvitað hinni einstöku náttúru sem hér fyrirfinnst. Við höfum fundið mikinn áhuga fyrir vörunum okkar og finnum sérstaklega mikinn áhuga frá Bandaríkjunum. Við erum komin með vöruhús þar og seljum vörur okkar í mörgum verslunum og þá helst í Kaliforníu."

Hvað með framtíðarmarkmið og nýjungar? „Markmið okkar er að skapa hlýjan og fallegan ilm sem gleður fólk. Okkur langar að halda áfram að skapa heima í kringum ilminn okkar og bjóða fólki í ferðalag og upplifun þegar það kemur til okkar eða notar vörurnar okkar. Við vinnum með íslenskar jurtir og höfum verið að brugga snafs samhliða framleiðslunni með afgangsjurtunum okkar, sem við höfum gefið gestum okkar síðustu ár. Við eigum fimm ára afmæli í desember og þá ætlum við vonandi að gefa út „limited edition" af þessum snafs. Við erum að fara að kynna heimilisilm hjá okkur og erum nú þegar komin í smájólafíling við að vinna í jólailmi 2023. Einnig erum við að fara að gefa út nýjan ilm í vetur sem er smáóður til borgarinnar okkar og fólksins sem í henni býr."

Ilmurinn ...

„Ilmur er alltumlykjandi og það er þegar maður veitir honum eftirtekt sem töfrarnir gerast."


№ 8









Anita Hirlekar verðlaunahönnuður:

„Veljum alltaf efni sem eru talin umhverfisvæn og endingargóð“

Anita Hirlekar fatahönnuður hefur hlotið verðlaun erlendis og hér á landi fyrir hönnun sína. „Náttúran er efniviðurinn – teikningar af blómum og plöntum, sem er ákveðin klisja í fatahönnun – en áskorunin er að gera þau á abstrakt og áhugaverðan hátt.“ Á meðal nýjunga er framleiðsla á flíkum úr endurunnu efni.

Anita Hirlekar útskrifaðist með BA og síðan MA í fatahönnun með áherslu á textíl frá Central Saint Martins í London og hefur unnið fyrir fyrirtæki eins og Bvlgari á Ítalíu og verið listrænn ráðgjafi fyrir tískufyriræki víða um heim.

„Ég hef hannað undir eigin nafni, Anita Hirlekar, síðan 2014, en þá sýndi ég fyrstu fatalínuna sem var útskriftarlínan mín á tískuvikunni í London og París. Hönnunin hefur alltaf haft sjálfbærni að leiðarljósi, allt frá hönnun og vöruþróun yfir í framleiðslu.

Annars fékk ég mikla og góða umfjöllun um masterslínuna mína (A/W 2014) og fékk mörg tækifæri að sýna hana víða um heim. Hún var til dæmis valin ein af 11 bestu útskriftarlínum í Bretlandi og fékk verðlaun, Fashion Special Prize, hjá International Talent Support-keppninni á Ítalíu. Svo var fjallað um mig og línuna í fjöldanum öllum af tímaritum, meðal annars Elle US, id magazine og style.com. Ég var síðan valin einn af fjórum alþjóðlegum hönnuðum til að sýna á London Fashion Week 2016 eða ONES TO WATCH með Fashion Scout sem er einn stærsti pallurinn fyrir unga hönnuði sem eru að byrja.“

Anita flutti síðan heim eftir um áratugar búsetu í London. Hún hefur hlotið fleiri verðlaun, en hún vann Reykjavik Grapevine-verðlaunin og Fashion Design of the Year árið 2019. „Það er alltaf frábær hvatning að fá verðlaun á Íslandi.“

Einstakar flíkur

Hvað með áherslur í hönnun Anitu? „Mynstrin sem ég hanna eru langflest þannig gerð að erfitt er að ná nákvæmlega eins flík; til dæmis er einn kjóll mjög ólíkur öðrum, þótt þeir séu gerðir úr sama mynstri. Þannig verður hver kjóll einstakur. Náttúran er efniviðurinn – teikningar af blómum og plöntum sem er ákveðin klisja í fatahönnun – en áskorunin er að gera þau á abstrakt og áhugaverðan hátt. Öll mynstrin eru handteiknuð og máluð af mér. Innblásturinn að mynstrunum og efnunum sæki ég langoftast í myndlist og þannig get ég farið óvæntar leiðir til að ná fram andstæðum litum og formum, en ég nota alltaf listræna nálgun sem útgangspunkt









til að skapa einstakar flíkur.“

Anita hannaði sólgleraugnalínu í samstarfi við breska fyrirtækið Cutler & Gross. „Gleraugnalínan er hönnuð fyrir konur og einkennist af sterkum litasamsetningum, en við lögðum mikla áherslu á smáatriðin í hönnuninni. Gleraugun eru framleidd á Ítalíu og eru handgerð, en þau ríma vel við litríku kjólana sem við gerum.“

Endurunnið efni

Anita talaði um sjálfbærni og segir að ákvarðanir hennar séu alltaf teknir út frá umhverfissjónarmiðum. „Engu er hent og hef ég til dæmis nýtt það sem verður eftir af efnum, til dæmis í klúta og teygjur. Svo eru það auðvitað gæði; við veljum alltaf efni sem eru talin umhverfisvæn og endingargóð. Það er markmið að reyna að nýta allt efnið og eru sniðin þróuð út frá þeirri hugsun.

Ég kynnti fyrsta efnið sem er endurunnið í sumarlínunni þar sem þræðir voru teknir af textíl sem var hent og spunnið nýtt efni. Það er ótrúlega slitsterkt og skemmtilegt, en mér fannst falleg hugsun að búa til eitthvað fallegt úr einhverju sem var hent.“

Það styttist í að haust- og vetrarlínan verði kynnt. „Í vetrarlínunni verða kynnt ný handgerð efni sem ég hef verið að þróa og stílar sem hafa verið í þróun í nokkurn tíma. Svo er alls konar spennandi samstarf í gangi, en ég er til dæmis að vinna með Rammagerðinni að hönnun nýs ullarteppis sem kemur fyrir jól.“

Þess má geta að hönnun Anitu fæst í Kiosk, Grandagarði 35, og Andrá Reykjavík, Laugavegi 16, og í netversluninni www.anita-hirlekar.shop

Hvað gefur það Anitu að hanna og búa til þessi listaverk?

„Í dag elska ég að sjá elegant konur í litríku kjólunum okkar og sjálfstraustið sem það gefur þeim. Konurnar sem leita eftir vörunum mínum eru alveg óhræddar við að tjá sig og eru með sterkan persónuleika. Þetta eru konurnar sem eru flottar fyrirmyndir og veita mér innblástur. Þær leita eftir fallegum flíkum annaðhvort fyrir sérstök tilefni eða fyrir hversdagslega notkun. Það skiptir mig miklu máli að velja efni sem eru þægileg og fylgja konunum inn í daginn frá morgni til kvölds.“

Hún talar um skammdegið og hvað litríkur fatnaður getur haft góð áhrif. „Þessir hlutir skipta mig miklu máli þegar ég kem með vetrarlínur og hvað litir geta gert mikið fyrir konu.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Íris Ellenberger er þekkt sem bæði baráttukona og fræðikona, sem er jákvætt því það er ekkert betra en að þekkja hringrás sögunnar þegar unnið er að því að breyta heiminum. Íris er fædd og uppalin á Íslandi, en faðir hennar og ættarnafnið eiga rætur sínar að rekja til Sviss sem rómað er fyrir hornrétt fólk og ofurskipulagt, en þaðan kemur líka Raclette sem er svolítið mótsagnakennt, því þar er einfalt grunnstef og svo er fólk bara hvatt til að gera tilraunir og gleyma öllum uppskriftum. Það er við hæfi að Íris hvetji okkur til að gera tilraunir í eldhúsinu, enda hefur hún alla tíð barist fyrir því að einstaklingar fái að finna sína eigin leið að hamingjunni.

Raclette



Hráefni og aðferð

Fyrir Raclette þarf í grunninn bara þrennt: Ost, kartöflur og Raclette-grill.
Allt annað, grænmeti eða kjöt, velur fólk eftir smekk og áhuga. Þegar ég var barn þá suðum við einfaldlega kartöflur, steiktum skinku ofan á grillinu og bræddum ost í skúffunum, helltum ostinum svo yfir kartöflurnar og skinkuna og borðuðum með bestu lyst.

Í dag nota ég fjölbreyttara hráefni; sveppi, kúrbít, eggaldin og lauk, stundum papriku eða bara hvað sem mér dettur í hug. Það er hægt að finna sérstakan Raclette-ost í flestum sælkerabúðum landsins, en ég nota oftast venjulegan íslenskan Ísbúa sem hefur jafnvel brætt hjörtu og bragðlauka minna svissnesku ættingja. Í lok máltíðarinnar erum við Íslendingarnir í fjölskyldunni vön að brytja banana niður í skúffurnar, setja ost yfir og láta þetta malla á grillinu. Alveg rosalega eitís samsetning, en þessa hefð fengum við að láni frá íslenskri vinkonu okkar sem hefur borðað Raclette með fjölskyldu sinni frá því að hún var barn. Raclette var nefnilega í tísku á níunda áratugnum, svo aldrei er að vita nema að eldri fjölskyldumeðlimir eigi Raclette-grill sem rykfellur inni í geymslu og bíður bara eftir að komast aftur í notkun.

Stækkunarglerið

Flosi Þorgeirsson spútnik sem ratað hefur á



Hlaðvarpið Draugar fortíðar í umsjón Flosa og Ljóta hálfvitans, Baldurs Ragnarssonar, hefur slegið rækilega í gegn og þeim hefur tekist það ómögulega, að gera mannkynssöguna skemmtilega. Draugarnir eru upplýsandi eins og ætla mætti, en vinátta þeirra félaga er annars heims, enda eins og þeir komi hvor úr sínu sólkerfinu. Flosi hefur óhræddur rætt lamandi kvíða sinn og þunglyndi og um daginn heyrðu hlustendur þegar Flosi hljómaði eins og uppvakningur, svo Baldur ákvað að slá upptökuna af í miðjum inngangi og svo var klippt á mun hressari Flosa sem tekinn var upp dögum seinna. Ofan á fróðleikinn hafa þeir félagar náð að opna umræðu um líðan og minnt hressilega á að drumbsháttur og jaxlabit eru misskilin karlmennska þeirra sem kunna ekki að taka á hlutum. Einn hlustandi orðaði það svo, að Flosi væri með áferðarfallegan drunga, því þrátt fyrir misjafna daga væri kappinn aldrei leiðinlegur. Okkur fýsti að vita meira um þennan Ham-pönkara með ótal hattana.

er eitthvert það frumlegasta íslenskan stjörnuhimin.

Fjölskylduhagir?
Tvífráskilinn einstæðingur. Tvö uppkomin börn

Menntun/atvinna?
Sjúkraliði og fór svo á gamals aldri í sagnfræðina. Fannst allt í einu gaman í skóla.

Uppáhaldssjónvarpsefni?
Fawlty Towers, X-Files, Buffy the Vampire Slayer, Breaking Bad, The Wire, Dark, Rick & Morty, Star Trek TNG, Firefly, The Expanse, The Boys, Bottom, South Park, The Prisoner, What We Do in the Shadows.

Leikari?
Vincent Price, Christopher Lee, Toni Collette, Matti Pellonpää, Marcia Gay Harden, Toshiro Mifune.

Rithöfundur?
Phillip K. Dick, Frank Herbert, Ursula K. Le Guin, Halldór Laxness, Sjón, Dan Simmons, Stephen King, Iain Banks, Richard Matheson.

Bók eða bíó?
Bók. Bíó er dautt og búið, en ég er svo heppinn að ég fékk að kynnast töfrum þess.

Besti matur?
Hákarl.

Kók eða pepsí?
Kók og enn betra sé þess neytt í hófi.

Fallegasti staðurinn?
Rauðasandur, Askja, Ásbyrgi, Monument Valley í Arizona, White Sands í New Mexico, Grand Canyon, listinn er endalaus enda er þetta falleg pláneta … ennþá.

Hvað er skemmtilegt?
Að hlæja og gráta með skemmtilegu fólki.

Hvað er leiðinlegt?
Að þurfa að umgangast leiðinlegt fólk sem dregur úr manni lífskraftinn..

Hvaða flokkur?
Er þetta um stjórnmál? Hef kosið alla flokka. Fer bara eftir frambjóðendum og stefnumálum hverju sinni. Fólk sem heldur með stjórnmálaflokki eins og sumir halda með Liverpool, er ekki heilt á geði.

Hvaða skemmtistaður?
Stofan mín. Þar er La-Z-Boy, 65 tomma sjónvarp, stór bókahilla, tölva, gítar og gítarmagnari. Þarf eitthvað meira?

Kostir?
Fróður, ágætlega greindur, með kímnigáfu, kann að segja frá hlutum svo fólk hlusti, þolinmóður, má ekkert aumt sjá.

Lestir?
Þunglyndur og kvíðinn, mislyndur, stundum með stuttan þráð, fordómafullur og læt gremju stjórna mér of oft.

Hver er fyndinn?
Hef sankað að mér vinum og kunningjum sem allir eru óstjórnlega fyndnir. Félagar mínir HAM koma mér oft til að grenja úr hlátri.

Hver er leiðinlegur?
Hefur tekist að losna við flest þannig fólk úr lífi mínu. Lífið er of stutt til að umgangast leiðinlegt fólk.

Trúir þú að draugar séu til?
Nei, en mér finnst þeir æðislegir.

Stærsta augnablikið?
Sjá börnin mín fæðast, útskrifast úr sagnfræði í HÍ og að gefa út fyrstu sólóplötuna.

Mestu vonbrigðin?
Ég held með Liverpool, svo af þeim er meira en nóg…

Hver er draumurinn?
Að ferðast meira og halda áfram að gera tónlist (eða aðra list) með hæfileikaríku fólki. Líka að fljúga í orrustuþotu.

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Halda mér á lífi? Nei, ókei … það er líklega að gefa plötuna mína út á vínyl.

Ertu búin að ná öllum þínum markmiðum?
Ég set mér eiginlega aldrei markmið, það endar bara með skelfingu.

Manstu eftir einhverjum brandara?
Ég var í barnaskóla með strák sem hét Brandur Ari. Ég man alveg eftir honum.

Vandræðalegasta augnablikið?
Að kalla á kærustuna, en nota nafn fyrrverandi. Svo prumpaði ég í jógatíma. Það var ferlegt.

Sorglegasta stundin?
Að sjá á bak föður mínum og bróður var vont. Ég hefði viljað meiri tíma með þeim. Þeir voru góðir menn.

Mesta gleðin?
Að sjá krakkana mína verða að góðu fólki með ríka réttlætiskennd og mikinn húmor.

Mikilvægast í lífinu?
Standa með sjálfum sér og ekki rífa sig niður. Þetta er mitt líf og ég lifi því eins og ég vil.





Hundarnir á Steindórsstöðum

Ég hef alla mína tíð átt hund eða hunda. Samleiðin með þessum dýrum hefur gefið meira en margt í samskiptum við annað fólk. Hundurinn er gjarnan tröllтryggur húsbændum sínum og sannur félagi í leik og starfi. Þannig er það með hann Tinna, félaga minn, sem hefur fylgt mér alla sína hundstíð. Ég hef þá reglu að sýna honum virðingu í að reyna að gera líf hans sem bærilegast.

Það hafa orðið uppákomur í tengslum við hundinn, þar sem ég hef þurft að takast á við mannskepnur um réttindi hans. Eitt sinn flúði ég undan ofviðri inn á ónefnt hótel á Ströndum og óskaði eftir gistingu, gegn gjaldi. Jú, það var sjálfsagt. Þá impraði ég á því að hundurinn væri með í för og hvort hann mætti ekki örugglega vera með mér. Hótelhaldarinn sagði þá að það mætti ekki. „Ofnæmið, skilurðu". Við vorum í matsal hótelsins og tveir hundar voru þar á ferli innan um gesti, líklega í von um að fá matarbita. Ég benti hótelstjóranum á þá þversögn. Svarið kom hiklaust. „Þetta eru heimahundarnir". Minn hundur svaf í bílnum þessa nótt og ég hef alltaf séð eftir því að kaupa gistingu á þessum stað og svíkja hundana.

Í sumar kom upp enn furðulegra mál þar sem hundurinn Tinni var enn og aftur miðpunkturinn. Við vorum á ferð um Borgarfjörð og fengum þá hugmynd að gista á Steindórsstöðum, í grennd við æskuheimili mitt á Búrfelli. Booking sá ekkert því til fyrirstöðu að við fengjum herbergi. Við ákváðum samt að heyra í staðarhaldara og spyrja hvort ekki væri í lagi að hafa hund með í gistingunni. Guðfinna nokkur varð fyrir svörum. Hún þvertók fyrir það og sagði bannað að vera með hund inni á heimilinu. Skýrar reglur. Við skildum það. En svo kom upp sú hugsun að svíkja Tinna í annað sinn um inniveru.

Ó, GUÐFINNA

Við sögðum að við gætum haft hundinn í bílnum. En Guðfinna var snögg upp á lagið og sagði útilokað að við fengjum gistingu. Það snerist um að við værum hundaeigendur. Ekki er ofsagt að við urðum forviða. Var okkur slaufað fyrir að vera með hund í bifreið á hlaði gistiheimilisins? Guðfinna virtist dálítið pirruð, en útskýrði svo málið. Hún sagðist vera með hunda sjálf og þeir ættu það til að rispa bíla þar sem hundar væru innanborðs. Það kom ekki til greina að hýsa okkur. Við mölduðum í móinn og vildum skýringu á fordómunum gegn hundaeigendum. Guðfinna brást pirruð við. Hún sagðist ekkert þurfa á okkur að halda. Aðsóknin væri svo góð.

Það var ákveðinn léttir að aka burt úr Hálsasveit eftir að hafa verið hársbreidd frá því að svíkja Tinna öðru sinni. Úr hljómtækjum bifreiðarinnar ómuðu raddir Halla og Ladda: Ó, Guðfinna, þig að finna. Ég hét því að leiða aldrei aftur hugann að því svíkja Tinna. Um nóttina gistum við hjá Steinari í Fossatúni. Við sofnuðum við niðinn í fossunum. Tinni var velkominn.


Ægisgardur
ALLT FYRIR VEISLUNA
Frábær veislusalur fyrir öll tækifæri
úti á Granda, staðsettur inn í
íslensku handverksbrugghúsi.
info@aegisgardur.is


Íslenskar ullaryfirdýnur
í mörgum stærðum
Lopidraumur.is
Frí heimsending innanlands